

Mánudaginn 22. júní 1925.

Nr. 21/1925. **Valdstjórnin** (Sveinn Björnsson)
gegn

Tamme Holländer (Jón Ásbjörnsson).

Brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 28. mars 1925: Kærði, Tamme Holländer, á að greiða sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands að upphæð 10,000 krónur. Öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í botnvörpungnum „Preussen“ skal upptækt og renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan löglegan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hestarjettar.

Það er sannað í máli þessu með skýrslu skipstjórans í varðskipinu Fylla dags. 26. mars þ. á., að kærði hafi 25. s. m. verið á skipi sínu, botnvörpungnum »Preussen« frá Nordenham, innan landhelgi vestur af Dyrhólaey, með botnvörpu sína í óreiðu hangandi utanborðs og hefir kærði ekki neitað þessu. Hann hefir því gerst brotlegur gegn 2. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Hinsvegar er það ekki sannað, að kærði hafi verið að veiðum í landhelgi og verður því ekki dæmdur eftir 1. gr. tjeðra laga.

Kærði hefir einu sinni áður sætt sekt fyrir sama brot og með tilliti til að gengi íslenskrar krónu er í dag, 68,91 aurar gullverðs samkvæmt skýrslu Landsbankans, þykir refsing hans samkvæmt 3. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin 8000 krónur, er renni í Landhelgissjóð. Allur afli skipsins og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, skulu upptæk og andvirði þess renna í sama sjóð.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti 80 krónur til hvors.

Það athugast, að hjerðsdómarinn hefir ekki tekið í dómgjörðirnar vottorð um dóm þann, er áður hefir gengið yfir kærða fyrir landhelgisbrot.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Tamme Holländer, skipstjóri á botnvörpungnum »Preussen« frá Nordenham greiði 8000 kr. sekt í Landhelgissjóð. Allur affli skipsins og öll veiðarfæri skulu upptæk og andvirðið renna í sama sjóð.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og hæstarjetti, þar með talin sóknar- og varnarlaun til hæstarjettar-málflutningsmannanna Sveins Björnssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað með skýrslu foringjans á varðskipinu „Fylla“ að kærði var miðvikudaginn 25. þ. m. á skipi sínu „Preussen“ innan landhelgislinunnar með veiðarfæri að nokkru leyti utanbords. Kærði hefir ekki neitað þessu en hinsvegar hefir hann eindregið neitað að hafa verið að fiskveiðum innan landhelginnar og haldið fram að ólag á netunum hafi valdið því að skipið komst inn fyrir linuna, með því að vjelin hafi verið stöðvud og straumur og sjór borið skipið þannig, og telja má upplýst að umrætt ólag á netunum hafi verið. Gegn neitun kærða liggja ekki þær líkur fyrir í þessu máli að rjett sje að telja hann brotlegan gegn 1. gr. nefndra laga en aftur á móti er sannað að hann hefir

gerst brotlegur gegn 2. gr. þeirra og þar sem um ítrekað brot af hálfu kærða gegn þessum lögum er að ræða ákveðst refsingin 10,000 króna sekt til Landhelgisjódís Islands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í botnvörpunum vera upptækt og renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan löglegan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Þriðjudaginn 23. júní 1925.

Nr. 38/1924. **Sigfús Daníelsson f. h. H/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps

(Pjetur Magnússon).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fógetarjettar Ísafjarðarsýslu 26. jan. 1924: Hið umbeðna lögtak á fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu, sem skotið hefir verið til hæstarjettar, samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 12. júlí f. á, með stefnu útgefinni 23. s. m. og flutt er af hendi stefnda með gjafvörn og skipuðum málflutningsmanni, er það sannað, að látin hafa verið út úr fisktökuhúsi áfrýjanda í Grunnavíkurhreppi til fiskimanna þar í grendinni um 7 smálestir af salti á tímabilinu frá 25. sept. til 28. okt. 1922. Saltið, sem áfrýjandi átti, var látið út af manni, sem hafði kauplausa íbúð í húsinu. Var það síðar skrifað í reikning viðtakenda við verslun áfrýjanda á Hesteyri og síðan borgað með afla þeirra frá vertíðinni þá um haustið. Auk þess keypti áfrýjandi á þessu tímabili fisk af Grunnvíkingum fyrir rúmar 4000 kr.